

Sþ.

30. Tillaga til þingsályktunar

[27. mál]

um kaup ríkissjóðs á húsakosti á Flatey á Skjálfanda.

Flm.: Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að festa kaup á húsakosti einstaklinga á Flatey á Skjálfanda, þeirra sem selja vilja, og að gera ráðstafanir til þess að eignum þessum verði haldið við, svo að verstöðin, eyjan með gögnum og gæðum, sé tiltæk til fullra nytja.

Greinargerð.

Flatey á Skjálfanda, eign ríkisins, hefur verið í eyði í sex ár, þar sem hún liggur tæpa eina og hálfu sjómílu undan Flateyjardal. Hafði byggðin tærst upp á nokkrum árum vegna skorts á félagslegri þjónustu samfara ýmiss konar laga-setningu, sem þrengdi hag útkjálkabyggða. Hélt það nokkurn veginn í hendur, að lokið var hafnargerð á eyinni fyrir 12 milljónir króna og síðasti Flateyngurinn fluttist til Húsavíkur. Eftir stóðu þá á eyinni 17 íbúðarhús, þar af fjögur á lög-býlum, skólahús, samkomuhús og kirkja, verslunarhús Kaupfélags Þingeyinga og fiskverkunarhús og aðrar byggingar, sem að sjávarútvegi lúta.

Nú er svo komið, að flestum eigendum húsanna á Flatey er orðið um megn að annast þau sem skyldi. Hafa sum þegar skemmst af vanhirðu, en önnur liggja undir skemmdum, og ekki sýnt að eigendurnir, sem flestir hverjir eru orðnir aldurnignir, hafi bolmagn til að bjarga þeim frá eyðileggingu.

Ljóst er að landeigandi, ríkissjóður, hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart landsetunum, og nú tímabært að á því verði ráðin bót.

Nú liggur það ekki fyrir hversu margir húseigendur vilja selja eignir sínar á Flatey, en flm. hefur rökstudda ástæðu til að ætla að það muni flestir vilja, og sé reiknað með öllum húseignunum, þá nemur fasteignamat þeirra samtals 2.3 milljónum króna, en brunabótamat 22 milljónum. Samkvæmt upplýsingum tryggingafélagsins er brunabótamatið óeðlilega lágt miðað við byggingarkostnað, og stafar af því að tekið er tillit til þess að húsunum hefur ekki verið haldið við.

Ef hugað er að eign ríkisins, Flatey á Skjálfanda, og notagildi hennar verður myndin þessi:

Flatey telst vera 262 hektarar að flatarmáli, þar af eru 200 hektarar gróið land og ræktunarræft. Landverð lögbýlanna fjögurra er að fasteignamati 477 þúsund krónur og hlunnindi eru metin á 279 þúsund samkvæmt sama mati. Leigulóðir undir fyrrnefnd húsi, önnur en lögbýli, eru metnar á 144 þúsund. Höfn sú, er fyrr getur og lokið var við árið 1967, mun hafa kostað um 12 milljónir króna og er enn í eigu ríkisins. Þegar byggð lagðist af með öllu í Flateyjarhreppi, var allt landsvæði hreppsins lagt undir Hálsahrepp með því skilyrði af hálfu forsvarsmanna hans, að skuldir Flateyjarhafnar fylgdu ekki með. Hefur hafnarmálastjórn verið að smáborga niður þær skuldir og munu standa eftir af þeim um 7.5 milljónir króna. Í Flatey er nú lífhöfn fyrir smábáta, og sé verðmæti hennar reiknað nú út frá vísitölu byggingarkostnaðar má meta hana á 50 milljónir króna. Þá er enn ótalinn flugvöllur á eyinni, sem nú mun að vísu ekki í sem bestu ástandi, en gera má nothæfan með litlum tilkostnaði.

Þar sem Flatey liggur nú í eyði með hrörnandi húsakosti og ónotaðri lífhöfn, má heita að eigandinn, íslenska ríkið, hafi af henni vansæmdina eina og ekkert gagn. Í byggð og nytjum yrði hún tæpast metin til verðs, er tekið er tillit til auðlegðar fiskimiðanna í kringum eyna.

Ljóst er að þegar á næstu missirum munu þær verstöðvar, þar sem skemmst er að sækja á fiskislóð, fá stóraukið gildi sökum hækkaðs olíuverðs. Árið 1973

mun hafa látið nærri að hver 5 kílógrönum af fiski hafi kostað eitt kílógramm í olíueyðslu, og sýnt má nú heita að eldsneytiskostnaður fiskiskipaflotans muni hækka til mikilla muna enn á næstu árum og hafa úrslitþýðingu í sjávarútvegi okkar.

Í framsöguræðu með þingsályktunartillögunni mun ég freista þess að gera itarlegri grein fyrir þjóðhagslegum ávinningi af því að ríkið taki fasteignir á Flatey í sínar hendur, en ítreka í lok greinargerðarinnar þá skoðun flm. að ríkisvaldið standi í óbættri skuld við fyrrverandi landseta sína á eyinni og hana beri að gjalda án tafar.